Yfilitsmynd 1:5000



Afstöðumynd 1:1000

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
18. nóv. 2020
Byggingarfulltrúi

Íbúð og hesthús Hvammi 1 Hrunamannahreppi - Skýringar:

Landnr. L166771 - Staðgreinir 8721-02-0004-3000 - Mhl15 og Mhl16

SKÝRINGAR:

Um er að ræða endurbyggingu á annars vegar fjárhúsi og hesthúsi og hins vegar hlöðu.
Fjárhús og hesthús (skráð fjárhús Mhl15) verður innréttað upp á nýtt sem eingöngu hesthús
Hlöðu verður breytt í íbúð með bílgeymslu.

Mannvirkin standa í tengslum við samþykkta og stofnaða íbúðarhúsalóð, Hvammur 1B

BYGGINGARLÝSING HESTHÚS:

Húsið er steinsteypt með hefðbundnu timburþaki.

Steypt gólf eru endurnýjuð og steyptar framhliðar á stíum. Burðarveggur milli hesthúss og fjárhúss er fjarlægður og í stað hans koma tveir timburdregarar með stálsúlum ofaná steypta stíuframhliðar
Húsið verður klætt að utan með aluzink klæðningur og einangrað að utan með 50mm steinull.
Þak er einangrað með 100mm steinull á milli sperra.
Gluggar eru úr pasti og hurðir úr stáli.

Allur aðbúnaður hrossa í hesthúsi, skal uppfylla ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 910/2014 um aðbúnað hrossa.
Stíur eru með langveggjum eru annarsvegar fyrir einn hest í hverri stíu, alls 7 stíur/hestar og
hins vegar með tveimur hestum í stíu, alls 4 stíur og átta hestar. Húsið er alls innréttað fyrir 15 hesta.

Í hesthúsi er reiknað með innihita undir 10°C og því ekki sérstök krafa um einangrunargildi gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð.
Hitun hesthús miðast við að halda því frosfríu, hitað er með hitaveitu, upphitun er með gólfhita.
Hitastigi rýmisins er haldið jöfnu sbr. ákvæði B. liðar viðauka II í reglugerð nr. 910/2014.
Æskilegt innihitastig er 0-10°C og loftraki að hámarki 85%

LOFTRÆSTING:

Húsið er loftræst um opnanlega glugga og hurðir, þannig skal uppfyllt að loftræsting uppfylli skilyrði skv.
B-lið viðauka II í reglugerð nr. 910/2014 um aðbúnað hrossa.

INNRÉTTINGAR OG AÐBÚNAÐUR HROSSA.

Allar innréttingar og aðbúnaður hrossa í húsinu skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa.
Allar innréttingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki skapist hætta á að hestar festi þar fætur eða höfuð
sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 910/2014. Úrgangi frá hrossum er safnað í kerru daglega og dreift á tún á jörðinni.

BRUNAVARNIR:

Hesthúsið er eitt brunahólf og hólfað frá starfsmannaíbúð með REI90 vegg með EI-CS60 hurð. Þak hesthús uppfyllir REI60 3,0m frá hærra húsi. Það uppfyllir ekki viðmiðunarákvæði gr. 9.6.16 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Það er talið ásættanlegt þar sem brunálag í hesthúsi er lítið og öflug reyklosun er úr því um brennanlegan þakglugga í mæni þess. Alls staðar í húsinum er tvær óháðar rýmingarleiðir.
Umferðarbreidd dyra uppfyllir ekki viðmiðunarákvæði 7. tl. gr. 9.4.9 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 enda um endurbyggingu að ræða.
Það er talið ásættanlegt þar sem í húsinu verða eingöngu hýst hross en ekki stórvaxnir nautgripir.
Klæðningar í hesthúsi eru í fl. 1. Reyklosun í þaki hesthúss er um ofanljós með auðbrennanlegu plasti, önnur reykloksun er um opnanlega glugga og hurðir

HEILDAR STÆRÐIR Mhl 15:	Birt stærð	Rúmmetrar
Hesthús	136,8 ferm	442,2 rúmm

BYGGINGARLÝSING ÍBÚÐARHÚSS:

Húsið er steinsteypt með timburþaki og timburgöflum í efsta hluta
Milligólf er léttbyggt úr límtré og timbri, einangrað með steinull og klætt að neðan með klæðningu í fl. 1. og skal allt uppfylla REI60.
Viðbætur eru gerðar á eldra burðarvirki. Steyptar eru stoðir á við norðvesturgafl ásamt bita yfir keyrslu hurð ásamt steyptri botnplötu.
Settar eru styrkingar umhverfis ný glugga og hurðaop. Þak verður endurbyggt og timburgaflar endurnýjaðir.
Bætt er við kvist á suðvesturþekju og þakgluggum á norðausturþekju.
Húsið verður klætt að utan með aluzink klæðningu og timbri að hluta. Steyptir veggir verða einangraðir að utan með 75mm steinull og að innan með 30mm steinull. Timburgaflar eru einangraðir á milli stoða með 150mm steinull. Þak er einangrað með 180mm steinull á milli sperra.

UPPHITUN / LAGNIR:

Við ákvörðun einangrunar og hámarks U-gilda einstakra byggingarhluta er reiknað með innihita Ti>18°C og miðast einangrunarkröfur við gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð

Þak	U>0,2 W/m2K
Steyptir útveggir	U>0,4 W/m2K
Léttir útveggir	U>0,3 W/m2K
Gluggar	U>2,0 W/m2K
Hurðir	U>3,0 W/m2K
Gólf	U>0,3 W/m2K

Hitun rýma er ýmist með gólfhita á neðrihæð og þilofnum á neðri- og efrihæð. Neyslu- og hitalagnir eru staðsettar í veggjum og gólfplötu.
Fram kemur á aðaluppdrátt hvar niðurföll eru staðsett. Gluggalaus rými skal loftræsa með veggtúðu.
Frárennsli frá salernum og eldhúsi er leitt í rotþró, min 3000 lítra, en annað frárennsli í púkk.

LOFTRÆSTING:

Húsið er loftræst um opnanlega glugga, öll gluggalaus rými skulu vera með lofttúðu á útvegg.
Lofthæð í risiherbergum uppfyllir ákvæði 2. mgr. gr. 6.7.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012

ALMENN ÁKVÆÐI:

Rýmisþarfir einstakra rýma eru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012
Meðhöndlun sorps skal vera skv. 3ja tunnu kerfi Hrunamannahrepps og skal lokað sorpskýli taka mið af því.
Innveggir eru byggðir úr 70mm timburstoðum, einangraðir með steinull klæddir með krossviði og einföldu gifslagi.
Innihurðir eru hefðbundnar yfirfelldar hurðir, bxh (hindrunarlaust umferðarmál9 800x2000.
Eldvarnarhurðir EICS30 og EICS60 eru vottaðar eldvarnarhurðir
Hljóðvist skal uppfylla flokk C skv. IST 45.
Birta og lýsing skal uppfylla ákvæði gr. 10.4 byggingarreglugerðar til íbúðarhúsnæðis.
Öryggi mannvirkis skal tryggt í samræmi 12. hluta byggingarreglugerðar nr. 112/2012

BRUNAVARNIR:

Húsið er eir brunasamstæða sem skiptist í þrjú brunahólf, íbúð er eitt brunahólf,
bílgeymsla er eitt brunahólf og hesthús er eitt brunahólf. Alls staðar í húsinum er tvær óháðar rýmingarleiðir.
BO merkir björgunarop, bxh kemur fram á grunnmynd (ljósop). Allar klæðningar í starfsmannahúsi og bílskúr eru í fl. 1

HEILDAR STÆRÐIR Mhl 16:	Birt stærð	Rúmmetrar
Íbúð	125,2 ferm	436,4 rúmm
Bílgeymsla	25,4 ferm	81,3 rúmm
ALLS	150,6 ferm	517,7 rúmm

HEILDARSTÆRÐ MANNVIRKIS Mhl15 og Mhl16	Birt stærð	Rúmmetrar
Mhl 15 - Hesthús	136,8 ferm	442,2 rúmm
Mhl 16 - Íbúð og bílskúr	150,6 ferm	517,7 rúmm
SAMTALS	287,4 ferm	959,9 rúmm.

TÁKN:

Björgunarop (BxH ljósops)	EO
Loftræsting	LR
Niðurfall	▩
Brynningartæki	Ⓑ
Slökkvitæki	Ⓢ
Reykskinjari	R

20211292

Yfirfarið af burðarþolshönnuðum:

Burðarþolshönnuður að endurbótum á steyptu burðarvirki:

Sigurður Unnar Sigurðsson, byggingarverkfræðingur kt. 290772-4279

Burðarþolshönnuður að timburvirki:

Helgi Kjartansson, byggingartæknifræðingur, kt. 030270-5419

Helgi Kjartansson Byggingartæknifræðingur
Vesturbrún 13 - 845 Flúðir
kt. 030270-5419 - s: 617-5377
netf: helgikjartansson@gmail.com

Dags.	Teikn. Nr.	Mkv.	Skrá
05.11.2020	A-01B	1:5000 - 1:1000	.dwg

Breyting	dags	eðli breytingar
A	17.11.2020	Byggingarlýsingu breytt
B	02.03.2021	Byggingarlýsingu breytt

Verkheiti
Hvammur 1 Hrunamannahreppi
Íbúð og hesthús
Aðaluppdráttur
Afstöðumynd og byggingarlýsing

Aðalhönnuður

Samþykkt